

## EFTIRLITSSKÝRSLA nr. 6

Sérstakt eftirlit sbr. 76. gr. laga nr. 60/2013

Dagsetning eftirlits: 11/7 – 13/7 - '19

Nafn fyrirtækis: Landsnet hf.

Framkvæmdasvæði: Kröflulína 3

Tengiliður fyrirtækis: Bjarni Jónsson

UST201910-178/10.05.04

Ábyrgðarmaður eftirlits: Björn Stefánsson

Tilgangur eftirlits: Staðsetja línuslóð og hafa eftirlit með umgengi og frágangi til að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar.

Ábendingar: **Svæði 1.** Gengið hefur verið frá tveimur námum við núverandi og eldri þjóðveg. Frágangur ágætur, en mætti laga spark á vegi við námur. Til að binda jarðveg ætti að huga að sáningu rýgresis í samráði við landeigendur.

Varðandi línuvegin ætti að leggja áherslu á að forma veginn vel og passa að hann aflagist ekki þegar efni er sturtað. Þarf að fá bílstjóra til að draga betur úr hlössum. Einnig ætti að passa að grafa veginn ekki og djúpt niður þegar slétt er undir honum. Kanna hvort frekar ætti að valta veginn þar sem undirlag er nokkuð slétt og hart í stað þess að draga til mold í slóðinni. Annars er vegurinn nokkuð góður, en kannski er fullmikill munur á útliti hans eftir getu gröfumanna.


**Svæði 2.** Vegurinn er kominn að landi Hákonarstaða. Í brekku ofan við landamerkjalæk ætti að huga að því hvort ástæða sé til þess að hliðra slóð vegna legur ljósleiðara. Valin leið um lækinn austan núverandi vaðs. Þarna mætti skoða að fjarlægja ræsi í verklok til að hindra umferð um slóðina. Stikuð leið frá mastri 223-238. Í samráði við landeigendur var stikuð slóð sem þegar er til staðar en þarf að styrkja og á stuttum köflum leggja út jarðvegsdúk. Þetta var talinn betri kostur en að vera í hlíð ofan línunnar sem er á fyrsta hluta leiðarinnar vel gróin og víða djúpir skorningar. Við Litla-Svalbarð ætti ekki að taka efni úr námu 21 sem sýnd er ofarlega í hlíðinni. Þarna er mjög fallegur klettur og ætti ekki að taka efni þarna heldur skoða skeringar neðan í hlíðinni þar sem unnt er að taka efni í skeringu úr frambrún mels. Að mastri 239 þarf að fara um votlendi sem verður að flóa þegar nær kemur mastrinu. Að mastri 240 er gert ráð fyrir að fara um flóa þar sem slóðagerð er að öllum líkindum erfið og verður að gera ráð fyrir talverðu sparki í flóanum. Varpað er fram þeirri hugmynd hvort unnt sé að færa mastur 239 neðar í flóann, þ.e. að mastri 240 sem á hinn bóginn myndi færast 100 m til SA á hinn bakka Víðidalsár og draga með þeim hætti úr raski í votlendu.

Fundur með landeigendum á Hákonarstöðu þar sem rætt var um fyrirkomulag framkvæmdarinnar í landi jarðarinnar.

Frávik: Engin

Niðurstaða eftirlits: Reynt að forðast rask á grónum svæðum sérstaklega í votlendu.

18. október 2019, Björn Stefánsson



f.h. Umhverfisstofnunar

Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í náttúruverndarlögum eða mati á umhverfisáhrifum.  
Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á sem ekki telst frávik.